Árið 1962 Sunnudaginn 20. maí
var aðalfundur U.mf. Glaður
Baldurs á Espeslöðum.
Formaður Baldvin Þórarinsson
setti fundinn og stjórnaði honum
Tilnefndi hann sem fundarskrifara
Gísla Þorsteinsson. Í upphafi bauð hann
fundarmenn velkomna.

Þetta var tekið fyrir

1. Lesnir upp reikningar félagsins
af Gjaldkera ásamt skýringum á
þeim. Reikningarnir báru með sér
að afkoma félagsins höfðu verið
með besta móti á síðastliðnu ári
Reikningarnir voru síðan bornir
undir atkvæði og samþykktir
samhljóða.
2. Inntaka nýrra félaga. Þessir gengu
í félagið Skúli Skúlason

Ingi Jónsson og Hallur Jónsson var inn~~ganga~~taka þeirra samþykkt í einu hljóði.

3. Rætt um kynbótastarfsemi félagsins
Formaður leggur fyrir fundinn hvort ekki þyki tímabært að hestamannafélagið gerist aðili að hrossaræktarfélagi Mýra og Borgarfjarðarsýslu og hefir hann kynnt sér ~~að~~ málið síðan á síðasta fundi. og gaf ~~að~~ fundarmönnum glöggar skýringar sem hann hefir aflað sér um þetta efni.
Þar næst talaði Bjarni Finnbogason og gaf mönnum margar góðar og glöggar upplýsingar og leiðbeiningar varðandi hestamennsku, var síðan málið rætt á við og dreif.
Var síðan borin upp svofelld tillaga.
Aðalfundur í Hestamannafél Glað í Dalasýslu haldinn 20. maí 1962

samþykktir að félagið gangi inn
sem deild í Hrossaræktarsamb. Borgar-
fjarðar sé þess kostur þegar á þessu
sumri. Tillagan samþykkt með
öllum atkvæðum.
3. Ákveðið að halda skemmtun í júlí
4. Ákveðið á Eyrarbökkum og Ágúst
Kirkjuskógi var falið að sjá um
viðgerð á girðingum kringum
Nesodda og skeiðvöllin. Stjórninni
var falið að gera ráðstafanir til þess
að aðgangseyrir innheimtist sem best.
5. Kosnir til að sjá um dansinn á
skemmtuninni Gunnar Jósefsson
Magnús Jósefsson Guðmundur Guðbrandsson
Ólafur Pálmason og Eyjólfur Jónsson
6. Kosnir til að sjá um hesta í girðing-
unni. Guðm. Sigurðsson og Guðbjörn
Helgason

7. Jón Ólafsson Dunkárbakka falið að sjá um merkjasölu að skemtuninni og með honum Daði Kjartansson Karl Jónsson Skúli Skúlason Haraldur Stefánsson Óskar Jóhannesson Ingi Jónsson

8. Til að selja merki að dansinum Jónas Benediktsson og Pálmi Jónasson.

Samþykt var að hafa gjaldið að kappreiðunum kr. 30 - en að dansinum kr 50. -

9. Kosnir til að rasa hestanna Jón Jósefsson Núpi og Gunnar Jósepsson.

10. Kosnir í dómnefnd Gísli Þorsteinsson Albert Finnbogason og Hjörtur Ögmundsson

11. Lendusskoðendur kosnir þeir Pálmi Jónasson og Friðfinnur Sigurðsson

12. Kosnir voru í stjórn Geti: Þorsteinsson Baldvin Þórarinsson og Albert Finnbogason

13. Samþykkt að fá húslán hjá ungm.-félaginu með sama hætti og el. ár og veitingar hjá Kvenfélaginu einnig með sama hætti

14. Ákveðið var að hafa sömu verð-laun og síðastliðið ár

15. Formaður las upp bréf frá undirbún-ingsnefnd Landsmóts L. H.
Þar ~~sem~~ segir að mótið fari fram dagana 14. og 15. júlí næstkomandi við Skógarhóla á Þingvöllum og beiðna þeir fyrir hestamanna félögum að gangast fyrir því hver í sínu félagi að mæta þar með gæðinga.

16. Kosnir voru í undirbúningsnefnd

við komandi ferðina á Landsmótið
á Þingvöllum þeir Jón Hallsson
Eggert Ólafsson Jón Jósefsson Núpi
og Guðm Guðbrandsson
Fleira ekki tekið fyrir. Upplesið
samþykkt. Fundi slitið.
Gísli Þorsteinsson
Fundarskrifari.

Ath. samþykkt var að hækka
árgjaldið upp í kr. 25. –